

Orkustofnun
b/t Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108Reykjavík

Reykjavík 8. október 2020
UST202009-202/R.K.
10.05.05

Efni: Nýtingarleyfi Orkustofnunar – umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leyfi til kalkþörungnáms í Ísafjarðardjúpi

Vísað er til erindis Orkustofnunar móttakið þann 18. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um nýtingarleyfi á kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi á Vestfjörðum.

Framkvæmdarlýsing

Umhverfisstofnun hefur fjallað um fyrirliggjandi kalkþörunganáms í Ísafjarðardjúpi í mati á umhverfisáhrifum með umsögnum dags. 2. júní 2015, 28. ágúst 2015, 19. september 2017 og núna síðast 9. ágúst 2018 sem eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar.

Ráðgert er að hefja kalkþörunganáms á tveimur svæðum, við Æðey og við Kaldalón í Ísafjarðardjúpi, á vegum Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili). Sótt er um töku á allt að 120.000 m³ af kalkþörungaseti af hafsbotni á ári í 30 ár. Það gera alls 3.600.000 m³ ef heimildin er nýtt til fulls á næstu 30 árum. Sótt er um að grafa upp kalkþörungaset við Æðey á um 584 ha svæði og við Kaldalón á um 353 ha svæði. Umhverfisstofnun bendir á að það hafsbotnssvæði jafngildir samanlagt um 1.312 fótoltavöllum og ef efnisnámið er jafnt á öllu svæðinu þá samsvarar það 40 cm dýpkun á því öllu.

Umhverfisáhrif

OSPAR samningurinn um verndun NA-Atlantshafsins (The Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic) var fullgiltur á Íslandi árið 1997. Í upplýsingaskjali OSPAR (Background Document for Maerl beds, 2010) kom m.a. fram að kalkþörunganáms á Íslandi hafi haft: „[...]major effects on the species present due to the direct effect of habitat removal and impacts from increased sediment loads which smother surrounding communities.“ Sem aðili að þessum samningi ber stjórnvöldum á Íslandi að draga úr eða koma í veg fyrir röskun búsvæða á hafsvæði er samningurinn nær til. Kalkþörungabúsvæði er á lista OSPAR yfir viðkvæm svæði sem eru í hættu eða á undanhaldi og því ástæða til að vernda. Í greinargerð er notast við orðalagið „kunna að vera í hættu“ en Umhverfisstofnun lítur svo á að í greiningu OSPAR

séu kalkþörungabreiður (e. Maërl beds) taldar í hættu og að merki séu um hnignun kalkþörungabúsvæða á Íslandi og því vert að sýna aðgát við framkvæmdir sem hafa áhrif á búsvæðin. Einnig kemur fram í hjá OSPAR að kalkþörungabreiður teljist mikilvæg búsvæði fyrir ýmsar sjávarlífverur. Kalkþörungur eru talin takmörkuð auðlind sem er ekki endurnýjanleg (e. non-renewable resources) og ljóst að mati Umhverfisstofnunar að svæðið mun ekki komast í samt horf á tíma efnistökkunnar.

Við kalkþörunganáms í Ísafjarðardjúpi er stefnt á mótvægisáðgerðir í von um að draga úr neikvæðum áhrifum kalkþörungánámsins á lifandi kalkþörungum. Ráðgert er að færa lifandi kalkþörungaset á milli staða svo hægt sé að nema á brott lag af dauðu kalkseti sem finna má undir lagi lifandi kalkþörungum. Yrði þetta gert á 10 ára fresti þegar ný efnistökusvæði eru tekin í notkun. Fram kemur í greinargerð með umsókn (unnin af VSÓ ráðgjöf) að sú aðferð mótvægisáðgerða sem rekstraraðili hyggst nýta hefur ekki verið reynd áður á stórum mælikvarða svo vitað sé (bls. 6). En þrátt fyrir það er fjallað um virkni þessara aðferða út frá reynslu frá tilraunum flutninga kalkþörungum frá 2016-2018. Þar segir: „Niðurstöður ljósmyndagreiningar gefa til kynna að það sé mögulegt að taka lifandi kalkþörungum af einum stað og koma fyrir á öðrum án teljandi vandræða.“

Umhverfisstofnun bendir á að óljóst er hvernig rekstraraðili hyggst sýna fram á virkni mótvægisáðgerða sem fela í sér flutning á lifandi kalkþörungum þar sem kalkþörungur eru mjög hægvoxta lífverur og tekur það þá mjög langan tíma að mynda sambærilegar kalkþörungabreiður, ekki síst þar sem þessi aðferð hefur ekki verið reynd á stórum skala. Umhverfisstofnun telur vöktun og eftirfylgni sérsaklega mikilvæga til lengri tíma og að lifun þessara lífvera sé á engan hátt tryggð og ekki er vitað hvort langtíma árangur þessa áðgerða sé raunhæfur.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ekki kemur fram í greinargerð hvert sé magn lifandi kalkþörungum sem skal raska með því að færa úr stað en fram kemur að óvíst er að slíkt verki sem mótvægisáðgerð á stórum skala. Stofnunin telur það vera grundvallarupplýsingar m.t.t. umhverfisáhrifa kalkþörungánámsins að skýrt sé hve mikill hluti áætlaðs efnistökusvæðis hefur þekju af lifandi kalkþörungum og hve stór hluti svæðisins sé þakið aðeins kalkseti dauðra kalkþörungum. Ef allt áætlað efnistökusvæði hefur einhverja þekju lifandi kalkþörungum, sem rekstraraðili hyggst færa til sem mótvægisáðgerð, telur Umhverfisstofnun að möguleg framkvæmd kunnist að eyða öllum lifandi kalkþörungum svæðisins. sem stofnunin telur vera umtalsverð umhverfisáhrif. Samkvæmt OSPAR er helsta ógn við kalkþörungabreiður á Íslandi efnistaka í því formi er fyrirhuguð í Ísafjarðardjúpi. Hefur slík efnistaka nær útrýmt kalkþörungum á öðrum svæðum. Er það því mat Umhverfisstofnunar að fyrirhugað kalkþörunganáms sé líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif á lifandi kalkþörungum í Ísafjarðardjúpi.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo sýnt verði fram á að lifun kalkþörungum sé ásættanleg með þessum mótvægisáðgerðum þá hefur framkvæmdin ekki einungis áhrif vegna rasks á lifandi kalkþörungum heldur ekki síður vegna gruggmyndunar á nærliggjandi svæði sem kann að hafa neikvæð áhrif á lífríki sjávarbotnsins.

Umhverfisstofnun telur gögn um virkni mótvægisáðgerða sem fylgja með umsókn rekstraraðila um nýtingarleyfi vera ófullnægjandi og ekki sýna fram á afturkræfni starfseminnar. Ef Orkustofnun veitir umrætt nýtingarleyfi þá bendir Umhverfisstofnun á að niðurstöður um virkni mótvægisáðgerða munu að öllum líkindum ekki liggja fyrir fyrir en löngu eftir að öllu kalkpörunanámi rekstraraðila er lokið, þ.e. eftir að heimild nýtingarleyfis er fullnýtt. Þar með yrði ekki hægt að snúa til baka eða vega upp á móti því raski sem orðið hefur ef í ljós kemur að mótvægisáðgerðir hafa ekki virkað eins og skyldi. Er því **mikil áhætta** falin í því að heimila þessa efnistöku kalkpöruna að mati Umhverfisstofnunar vegna **óvissu um áhrif** þess á viðkvæmt en mikilvægð vistkerfi.

Umhverfisstofnun er starfsleyfisveitandi fyrir kalkpörunaverksmiðjunni á Bíldudal en það leyfi er skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og fjalla einungis um mengunarvarnir vegna starfsemi verksmiðjunnar á landi. Sé mengunarvörnum sem sett eru í starfsleyfi kalkpörunaverksmiðjunnar fylgt telur stofnunin að umhverfisáhrif hennar vera innan viðmiðunarmarkna m.t.t. meðal annars gruggmyndunar við iðnaðarlóð, ryklosunar og hljóðmengunar. Starfsleyfið nær ekki til sjálfs kalkpörunanámsins af hafsbótmi sem er aðeins heimililað með nýtingarleyfi Orkustofnunar.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun áréttar hér það sem fram hefur komið í fyrri umsögnum stofnunarinnar um umhverfisáhrif kalkpörunanámsins. Í ljósi **mikilvægis kalkpöruna** fyrir botndýralíf og fiska, í ljósi þess að kalkpörunar eru á lista OSPAR yfir **búsvæði í hættu**, í ljósi **mikils umfangs námsins** og stærð svæðis sem verður raskað, auk **óvissu varðandi virkni mótvægisáðgerða** sem ætlunin er að beita, telur Umhverfisstofnun að umrædd framkvæmd **muni hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif í för með sér**. Hér er að öllum líkindum um **óafturkræf áhrif** að ræða þar sem kalkpörunar eru mjög hægvaxta og því tekur það kalkpörunabreiður það langan tíma að myndast að nám getur varla talist sjálfbært. Hversu neikvæð áhrifin verða ræðst af því hversu lengi efnistakan muni standa og hvort unnt verði að þróa aðferðir sem gera það kleift að færa lifandi kalkpöruna í miklum mæli milli svæða og tryggja lifun þeirra og virkni eftir tilflutninga.

Í umsögnum Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar kom fram að stofnunin telur kalkpörunanámið vera **líklegt er að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér**. Þá er átt við óafturkræf og verulega neikvæð áhrif á stórt svæði sem er viðkvæmt fyrir raski en mjög mikilvægt fyrir lífríki sjávar.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri